


2011

ÁHÆTTUSKOÐUN ALMANNAVARNA



LÖGREGLUSTJÓRINN Á AKRANESI

Akranesbær

ALMANNAVARNIR



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN
ALMANNAVARNADEILD

Áhættuskoðun almannavarna 2008-2011

Almannavarnanefnd Akraness

Ólafur Þór Hauksson, lögreglustjóri
Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild

Ritstjóri: Guðrún Jóhannesdóttir,
gudrunj@rls.is



EFNISYFIRLIT


UMDÆMI LÖGREGLUSTJÓRANS Á AKRANESI	4
<i>Almenn lýsing, mannfjöldi og dreifing íbúa í umdæminu</i>	4
NÁTTÚRUVÁ	5
<i>Óveður.....</i>	5
<i>Jarðskjálftar</i>	5
<i>Eldgos.....</i>	6
<i>Sjávarflóð</i>	6
UMHVERFI OG HEILSA.....	6
<i>Hópslys</i>	6
MENGUN OG HÆTTULEG EFNI:	7
<i>Olíubirgðastöðvar</i>	7
<i>Fiskimjölsværksmiðjur</i>	7
<i>Skipasmíðastöð</i>	7
<i>Mengun í jarðvegi</i>	7
<i>Loftmengun.....</i>	7
<i>Brunar</i>	8
HEILBRIGÐISMÁL	8
<i>Faraldrar</i>	8
HELSTU INNVIÐIR OG SAMFÉLAGSÖRYGGI	8
SAMGÖNGUR	8
<i>Samgöngur á sjó</i>	9
<i>Flugsamgöngur</i>	9
<i>Veitukerfi.....</i>	9
<i>Fjarskipti.....</i>	9
<i>Ferðamannastaðir.....</i>	9
SAMFÉLAGSÖRYGGI	10
SAMANTEKT	10

Umdæmi lögreglustjórans á Akranesi

Umdæmi sýslumannsins á Akranesi var skilið frá Mýra- og Borgarfjarðarsýslu árið 1932 þegar stofnað var lögreglustjóraembætti á Akranesi. Árið 1942 varð það að bæjarfógetaembættinu á Akranesi. 1. júlí á árinu 1992, við gildistöku laga um aðskilnað dóms- og framkvæmdavalds, var embættið nefnt sýslumaðurinn á Akranesi. Innan umdæmis er sveitarfélagið Akraneskaupstaður og helgast stærð umdæmisins af stærð sveitarfélagsins, þ.e. þéttbýlið á Akranesi að Berjadalsá til norðurs og rétt austan við Leynislækinn til austurs en til suðurs og vesturs afmarkast umdæmið af hafi. Land utan þéttbýlis er tiltölulega lítið miðað við önnur umdæmi. Næsta sveitarfélag að Akranesi er Hvalfjarðarsveit sem er sameinað sveitarfélag Skilmannahrepps, Innri-Akraneshrepps, Mela- og Leirársveitar og Hvalfjarðarstrandahrepps. Í því sveitarfélagi er til dæmis stóriðjan á Grundartanga.

Almenn lýsing, mannfjöldi og dreifing íbúa í umdæminu

Akranesumdæmi er flatlent og liggur tiltölulega lágt miðað við sjávarmál. Um er að ræða þéttbýli með nokkuð grónum svæðum til útiveru og íþróttaiðkana. Veðurfar er temprað en kaupstaðurinn stendur á nesi fyrir opnu hafi en nýtur nokkurs skjóls af Akrafjalli til norðausturs. Nálægð við hafið temprar hitastig í umdæminu en í tilteknum vindáttum nýtur lítils skjóls af náttúrunnar hendi.



Mynd 1 Yfirlitskort af umdæmi lögreglunnar á Akranesi

Íbúum umdæmisins hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 1994 og í byrjun ársins 2009 voru þeir 6.609 talsins (tafla 1). Fjölgun íbúa frá 1999 til 2009 er tæplega 22%. Fjölgunin stafaði fyrst og fremst af fjölgun starfa í stóriðju á Grundartanga auk styrkingar atvinnuástands innan kaupstaðarins. Nýtt íbúðarhúsnæði hefur verið byggt í verulegum mæli á síðustu árum. Fasteignaverð er ívið lægra á Akranesi en á höfuðborgarsvæðinu og hefur það ýtt undir flutninga fólks til Akraness. Útlit er því fyrir að íbúum muni halda áfram að fjölga á næstu árum.

Tafla 1 Mannfjöldi á Akranesi 1. janúar 1999, 2004 og 2009

	Alls	Karlar	Konur
1999	5.186	2.645	2.541
2004	5.588	2.864	2.724
2009	6.609	3.440	3.169

Fjöldi íbúa með erlent ríkisfang hefur rúmlega sexfaldast frá 1999 til 2009 (tafla2). Á sama tíma hefur þjóðernum þeirra sem búa á Akranesi fjölgað úr 20 í 31. Árið 1999 voru 12 Pólverjar skráðir á Akranesi en 1. janúar 2009 voru þeir 303. Árið 2009 var fjöldi fólks frá einstökum löndum yfirleitt færri en 10 frá hverju landi. Fólk frá fimm löndum losaði tuginn en það var fólk frá Danmörku, Lettlandi, Litháen, og Þýskalandi auk 26 sem voru án ríkisfangs. Síðasttaldi hópurinn mun vera flóttamenn sem komu til Akraness á árinu 2008 frá flóttamannabúðum í Írak.

Tafla 2 Íbúar með erlent ríkisfang 1. janúar 1999, 2004 og 2009

	Alls	Karlar	Konur
1999	70	39	31
2004	107	61	46
2009	447	282	165

Byggð hefur verið að stækka í norðaustur í svokölluðu Flatahverfi og Skógarhverfi í átt að Akrafjalli. Búið er að byggja að mörkum sveitarfélagsins til austurs. Áform eru um byggð í Kalmansvík norðanmegin á Skaganum. Í nýrri hverfum og við miðbik bæjarins eru flest fjölbýlishúsin en á neðri Skaganum (eldra hluta) eru parhús og einbýli, þó með stöku undantekningum.

Helstu atvinnuvegir innan umdæmisins eru þjónustu- og verslunarstörf, umönnunarstörf og störf í fiskvinnslu og iðnaði. Stærstu vinnustaðir eru skólarnir, þ.e. Brekkubæjarskóli, Grundarskóli, Fjölbrautarskóli Vesturlands, sjúkrahúsið, dvalarheimilið Höfði, Sementsverksmiðjan og fiskvinnsla HB Granda. Allstór hópur íbúa umdæmisins starfar á höfuðborgarsvæðinu og í stóriðjunni á Grundartanga.

Náttúruvá

Óveður

Óveður hafa orðið í umdæminu líkt og á flestum öðrum stöðum á landinu og nokkur reynsla hefur orðið til við úrlausn þeirra verkefna sem tengjast óveðri. Krappar smálægðir eiga til að valda usla í umdæminu. Í miklu hvassviðri er helst hættu á að lausir munir fjúki um og byggingarefni frá ófrágengnum svæðum. Suðvestan lægðir með mikilli snjókomu geta valdið vandræðum. Helstu veður verða í sunnanátt og norðvestanátt. Ekki verða sviptingar í veðri fyrir áhrif fjalla. Jafnvel í allmiklum veðrum hefur ekki orðið verulegt tjón. Umdæmið liggur lágt miðað við sjávarmál og ekki nýtur skjóls af fjöllum nema gagnvart norðaustanátt.

Jarðskjálftar

Jarðskjálftar í uppsveitum Borgarfjarðar, Reykjanesi og Suðurlandi geta haft áhrif á Akranesi. Jarðskjálftarnir á Suðurlandi 2000 og 2008 fundust á Akranesi án þess að tjón hlytist af.

Eldgos

Engin eldfjöll eru í umdæminu, en gegnum tíðina hefur öskufall verið óverulegt í umdæminu. Öskufall gæti einna helst haft áhrif á vatnsveitu þar sem um yfirborðsvatnsból er að ræða.

Sjávarflóð

Í umdæminu varð mikið flóð 9. janúar 1799 sem hefur gengið undir nafninu Básendaflóð á Suðvesturlandi. Flóðið hafði áhrif víða um suðvestanvert landið, aðallega á Reykjanesskaganum en einnig á Akranesi. Mjög djúp og kröpp lægð olli ofviðri og eyðileggingu. Loftþrýstingur var óvenju lágur og stórstreymt og hækkaði sjávarstaða við landið fyrir áhrif þessara þátta. Til staðar er flóðasaga á Breiðinni og við Presthúsabraut og Vesturgötu. Hætta er talsverð ef flóð verða við Presthúsabraut og Ægisbraut. Nokkuð algengt er að sjór gangi á land við Leyninn og Faxabraut í slæmum veðrum án hættu á teljandi tjóni. Allmikill varnargarður var reistur neðan við Presthúsabraut og Ægisbraut sem hefur haldið gegn ágangi sjávar hingað til. Grjótvörn við Leynisbraut hefur verið lagfærð og færð fram. Við Faxabraut er grjótvörnin annars vegar og hinsvegar uppsteyptur veggur meðfram mestallri brautinni. Grjótvörnin hefur sigið niður og garðurinn lækkað nokkuð af þeim sökum. Varnargarðurinn við höfnina hefur staðið af sér öll veður hingað til en nokkurt sjávarrót getur orðið innan hafnar. Í sjóvarnaáætlun Siglingastofnunar (2006) kemur fram að við Akranes voru 5 svæði metin í flokk C sem segir að land og mannvirki séu í hættu. Þá voru 6 svæði, sem þurfti að taka til athugunar þar sem varnir eru æskilegar og jafnvel nauðsynlegar þótt síðar verði. Svæðin sem voru metin í C flokk eru Leynir, Leynislækur-Sólmundarhöfði, Langisandur, Merkjaklöpp-Sólmundarhöfði, við Esjubraut, Kalmansvík og Miðvogur.

Umhverfi og heilsa

Hópslys

Hópslys geta orðið í umdæminu og þá helst rútuslys. Í október 2004 valt rúta undir Akrafjalli, sem var að flytja starfsmenn Norðuráls til vinnu og voru 40 manns í rútnni.

Þá eru aðflugsleiðir yfir Akranes að Reykjavíkurflugvelli.

Akranes er útgerðarstaður margra skipa og við minni háttar slys ræður daglega neyðarþjónustan við atvikin. Margir skemmtibátar á leið til Reykjavíkur fara nálægt Akranesi yfir sumartímann.

Hvalfjarðargöng eru á mörkum tveggja næstu umdæma og hafa viðbragðsaðilar frá Akranesi hlutverk í viðbragðsáætlun um göngin, slökkvilið, Rauði krossinn, björgunarsveitir, sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin. Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar sér um vettvangsstjórn og samhæfingu aðgerða á vettvangi og í göngunum sjálfum vegna eldsvoða eða slysa með eldfim og hættuleg efni. Ennfremur sér slökkviliðið um brunavarnir, björgun, mengunarvarnir og bindingu eldfimra og hættulegra efna.

Lögreglan á Akranesi sér um vettvangsstjórn skv. samkomulagi við lögreglu höfuðborgarsvæðisins þar til vettvangsstjórn frá LRH getur tekið við. Lögreglan aðstoðar lögreglu í Borgarnesi við vegalokanir og umferðarstjórn norðan fjarðar samkvæmt beiðni hverju sinni.

Björgunarsveitir aðstoða við ýmis verkefni samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra vegna hópslysa, vettvangsstjórn, björgunarstörf, burð slasaðra, aðhlyningu, skyndihjálp, verndun og gæslu.

Mengun og hættuleg efni

Bæði olíu- og kalkmengun hefur orðið við uppskipun í Sementsverksmiðjunni.

Samkvæmt starfsleyfi Sementsverksmiðjunnar (stofnreglugerð 785/1999) ber rekstraraðila að uppfylla lög og reglugerðir á starfssviði sínu og nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna (reglugerð 184/2002). Koma skal í veg fyrir fok frá verksmiðjusvæðinu og koma fyrir skjólbeltum til að hindra fok frá skeljasandsþró og hafa samráð við eftirlitsaðila um magn og frágang skeljasands. Rafsúryrk skal ekki berast af verksmiðjusvæðinu og flutningur á hráefnum og sandi skal vera með þeim hætti að rykmengun verði í lágmarki. Færibönd og flutningskerfi skulu vera yfirbyggð. Viðbragðsáætlun, sem samþykkt er af eftirlitsaðila, skal vera tiltæk til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar sjávar og andrúmslofts. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Þá er einnig ákvæði í starfsleyfinu um vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni verksmiðjunnar. Eldsneyti sem notað er við framleiðsluna eru kol, gasolía, svartolía, úrgangsolía, ómeðhöndlað timbur, eldsneyti unnið úr úrgangi o.fl. Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni verksmiðjunnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins (Umhverfisstofnun 2008).

Olíubirgðastöðvar

Í umdæminu er ein olíubirgðarstöð frá Olíudreifingu¹. Í olíubirgðastöðinni er heimilt að geyma í stærsta geymi allt að 450 m³ af olíu við Hafnarbraut 3A og 1777 m³ af olíu í stærsta geymi við Breiðargötu 1A og 1121 m³ af olíu eða bensíni í bensínþró við Breiðargötu 1A með minna gegnumstreymi en 5000 tonnum á ári af bensíni. Þá er heimil móttaka á úrgangsolíu. Starfsemin skal ennfremur rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Fyrirtækið skal nota bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir. Fyrirtækið skal útbúa viðbragðsáætlun til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar í samræmi við ákvæði laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og skal þegar í stað grípa til aðgerða verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið.

Fiskimjölverksmiðjur

Fiskimjölverksmiðja er starfrækt á Akranesi. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðuð að framleitt verði úr 1000 tonnum af hráefni á sólarhring.

Skipasmíðastöð

Skipasmíðastöð er á Akranesi sem notar ætandi efni í plastbátaverksmiðju við bátasmíði.

Mengun í jarðvegi

Við Berjadalsá eru gamlir sorphaugar sem var lokað í byrjun árs 1998 og óvirkur úrgangur gæti verið þar til staðar, þ.e.úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega.

Loftmengun

Almennt verður ekki vart við mikla loftmengun á Akranesi þar sem vindar koma í veg fyrir að mengunin liggi yfir bænum. Þó má búast við að lyktarmengunar verði vart frá Fiskimjölverksmiðjunni og hausapurrun

¹ Starfsleyfi í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 og reglugerð nr. 785/1999 og gildir til 2018

Laugafisks. Þá er Akranes á áhrifasvæði stóriðjunnar á Grundartanga þar sem ýmis efni berast út í umhverfið s.s.CO² og flúoríð. Þá hefur útblástur bifreiða og skipa áhrif á Akranesi.

Brunar

Ástand brunavarna er gott í umdæminu, þó að fjölgun hárra bygginga geti valdið vandkvæðum verði mikill brunni í þeim. Brunavarnaáætlun fyrir umdæmið er svo til fullkláruð.

Búfjársjúkdómar: Enginn landbúnaður er innan umdæmisins og því hverfandi búfjárhald, þó svo að hestamennska sé sífellt að aukast.

Námur: Engin efnistökusvæði eru innan umdæmisins.

Heilbrigðismál

Heilsugæsla er góð í umdæminu, sem sinnir bæði Akranesi og Hvalfjarðarsveit. Sjúkrahúsið sinnir öllu Vesturlandi. Heilbrigðisstofnunin Akranesi hefur samtals 49 sjúkrarúm, 26 hjúkrunarrými og þar er viðbúnaður og móttaka bráðveikra og slasaðra allan sólarhringinn. Stofnunin rekur þrjár sjúkrabifreiðar. Ein heilsugæslustöð heyrir undir heilbrigðisstofnunina og er hún staðsett á Akranesi. Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi starfa eftir hópslysaáætlun og senda greiningarsveit og skipuleggja söfnunarsvæði slasaðra vegna hópslysa (greiningarstöð) og sjá um sjúkraflutninga.

Þá hafa sjúkrahúsið og heilsugæslan hlutverk í hópslysi, sem felst í stjórnun heilbrigðisþjónustu og sjúkraflutningum, meðferð og aðhlyningu sjúklinga eftir að læknir er kominn á slyssað, greiningu og forgangsroðun vegna meðferðar og flutnings.

Heilbrigðisstofnun Akraness hefur gert viðbragðsáætlun og skilað til almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

Faraldrar

Svæðisáætlun vegna heimsfaraldurs innflúensu fyrir Akranes er gerð af sóttvarnalækni umdæmisins og lögreglustjóra í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti sóttvarnalæknis. Hún er byggð á landsáætlun vegna heimsfaraldurs innflúensu sem undirrituð var 28. mars 2008.

Helstu innviðir og samfélagsöryggi

Samgöngur

Samgöngur í bænum og að bænum eru helstar í formi vega með bundnu slitlagi. Þjóðvegir inn í bæinn eru úr norðri af Akrafjallsvegi og inn á Kalmansbraut annarsvegar og Þjóðbraut hinsvegar og úr austri af Innnesvegi en sá vegur sameinast Akrafjallsvegi á móts við bæinn Rein í Hvalfjarðarsveit. Útkeyrsluleiðir út úr bænum eru þar af leiðandi þrjár.

Frá Akranesi er hægt að aka til norðurs eftir Akrafjallsvegi norðan megin við Akrafjallið eða sunnan við það en þær leiðir sameinast báðar þjóðvegi 1, Vesturlandsvegi, annarsvegar á móts við Hvalfjarðargöng sunnanmegin og skammt sunnan við Hafnarmel norðanmegin. Helsta samgönguæðin til höfuðborgarsvæðisins liggur um Hvalfjarðargöng en einnig er hægt að fara fyrir Hvalfjörð. Sú leið er um 60 kílómetrum lengri.

Samgöngur á sjó

Á Akranesi er höfn, Akraneshöfn, sem er hluti hafnasamlags Faxaflóahafna. Innsigling er úr suðaustri en höfnin er varin allmiklum sjóvarnargarði sem hingað til hefur staðið af sér slæm veður. Við tiltekin skilyrði myndast engu að síður iðu- og straumkast í höfninni. Í höfninni er aðstaða til að taka á móti stærri flutningaskipum og dýpi nægjanlegt til að þau geti lagst að bryggju. Unnt er að takmarka umferð um erlend skip þar sem hluti hafnarinnar er lokaður af með girðingu vegna siglingaverndar.

Flugsamgöngur

Flugvöllur er ekki á Akranesi en þyrlulendingarpallur er á Jaðarsbökkum skammt vestan við ípróttamannvirki sem þar eru. Unnt er að taka á móti þyrlu á fleiri stöðum svo sem niður við höfnina þar sem þyrla Landhelgisgæslunnar hefur lent í neyðartilviki.

Veitukerfi

Akranesveita tók til starfa 1. janúar 1996 og árið 2001 var samkvæmt l. 139/2001 stofnað sameignarfyrirtæki um rekstur Orkuveitu Reykjavíkur ásamt Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness.

Raforka er fengin frá Orkuveitu Reykjavíkur um spennistöð við Brennimel. Raflagnir eru grafnar í jörðu og rafveitan því ekki berskjölduð fyrir vindi eða ísingu innan bæjar eða í næsta nágrenni. Vatnsveitan er einnig á hendi Orkuveitu Reykjavíkur en kalt vatn er fengið úr vatnsbóli í Akrafjalli, ofanjarðar úr Berjadalsá. Vatnið er geislað og hreinsað í malarsigti.

OR dreifir heitu vatni frá virkjunarsvæði við Deildartunguhver, Laugarholt og í landi Bæjar til notenda á Akranesi og er jafnframt með miðlunartank við Akranes.

Megnið af heitu vatni er leitt um leiðslu frá Deildartunguhver og er ein lengsta hitaveita á landinu. Vatnið er um 78-80 gráður heitt þegar það nær til Akraneskaupstaðar. Húsin eru allflest hituð upp með heitu vatni úr viðkomandi heitavatnslögn.

Fráveita er stutt og er losuð út í sjó. Frárennslisrör standa stutt út í sjó. Hafin er framkvæmd við að lagfæra fráveitumál með dælingu lengra út í sjó.

Fjarskipti

Símasamband er ýmist um koparlagnir eða ljósleiðara og unnt er að nota GSM síma allstaðar í umdæminu. Farsímasamband er gott. VHF kerfi björgunarsveita er á svæðinu en sú tækni hefur verið aflögð hjá almannavörnum og lögreglu sem nú reiða sig í meiri mæli á TETRA. TETRA endurvarpi nær yfir allt umdæmið og ekki eru teljandi skuggasvæði innan þess. Ljósleiðaravæðing stendur nú yfir og stefnt er að því að klára að setja ljósleiðara inn í hvert hús innan tíðar. Sjónvarpsútsendingar er hægt að nema í gegnum loftnet en einnig er unnt að taka sjónvarpið inn með ljósleiðara og ADSL tengingu við símann.

Ferðamannastaðir

Á Akranesi er ekki teljandi ferðamannþjónusta. Engin hótél eru starfrækt á svæðinu en áætlað er að reisa hótél við golfvöll golfklúbbsins Leynis. Í fyrsta áfanga er stefnt að 60 herbergja byggingu. Langisandur er vinsælt útivistarsvæði.

Helsti ferðamannastaðurinn er byggðasafnið að Görðum þar sem gjarnan koma hópar. Aðgengi þar er gott og ástand þannig að ekki er tilefni til sérstakrar aðgæslu.

Samfélagsöryggi

Á Akranesi er öflugt lögreglulið sem sinnir löggæslu. Alls starfa 10 lögreglumenn innan umdæmisins. Á Akranesi er jafnframt Björgunarfélag Akraness, slökkvilið, Rauða kross deild og sjúkrahús með sjúkraflutningsdeild. Aðrir viðbragðsaðilar en lögregla sinna stærri umdæmum en sem svarar til Akraneskaupstaðar og eru því vel í stakk búnir til að takast á við verkefni hver á sínu sviði. Tiltölulega stutt er í næstu lögregluumdæmi þ.e. 46 km til Reykjavíkur og 37 km í Borgarnes en á báðum stöðum eru styrk neyðarlið.

Nálægð við höfuðborgarsvæðið og Borgarnes gerir það að verkum að stutt er í styrkingu neyðarliðs í stærri verkefnum svo sem vegna verkefna lögreglu, slökkviliðs og björgunarsveita. Jafnframt hefur Björgunarfélag Akraness sent mannskap í stór verkefni utan Vesturlands, s.s. Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, Kristnitökuhátíðina á Þingvöllum og fleira.

Bæjarhátíðin Írskir dagar á Akranesi fer fram í byrjun júlí og hefur dregið að sér fjölda gesta.

Samantekt

Umdæmið er landfræðilega lítið en þéttbýlt og vaxandi. Sterk atvinnustaða er á svæðinu og nágrenni þess. Samgöngur á sjó og landi eru góðar, en takmörkuð aðstaða fyrir flug. Neyðarlið ræður við flest verkefni sem upp koma, björgunarsveitir í umdæminu eru öflugar og hafa unnið mikið starf og geta auðveldlega aðstoðað í aðliggjandi umdæmum. Veitur og fjarskipti eru öflugar. Lýsing á umdæmi og staðhættir þess mynda grunn til afmörkunar þeirra áhættuþátta sem áhættuskoðunin lítur að. Helstu þættir sem huga þarf að í framhaldi af áhættuskoðuninni eru eftirfarandi:

- **Óveður:** Á Akranesi eins og víða á landinu gerir oft hvassviðri, sérstaklega þegar krappar smálægðir fara yfir. Helst eru það SV-lægðir með mikilli snjókomu um vetur sem valda truflunum á samgöngum. Þá eru oft slæmir hnútar og vindhviður á veginum annarsvegar á milli Hvalfjarðarganga og Akraness og hinsvegar á milli Óss og Berjadalsár. Fok af byggingasvæðum hefur valdið hættu og brýnt er að hvetja verktaka til að ganga vel frá eigum sínum þegar spáð er óveðri.
- **Sjávarflóð:** Náttúruvá sem helst þarf að skoða og fylgjast með á Akranesi eru sjávarflóð. Flóðahætta er háð landhæð og landslagi, jarðgrunni og jarðlögum, en ekki síður sjávarföllum og sjólagi. Góð vöktun er vegna sjávarágangs.
- **Jarðskjálftar:** Jarðskjálftar hafa fundist greinilega á Akranesi, bæði Suðurlandsskjálftar 2000 og 2008 og Hvítársíðuskjálftinn 1974. Hús eru vel byggð og mikið um timburhús sem þola vel jarðskjálfta. Fræðsla í viðbrögðum við jarðskjálftum fer fram í grunnskólum og íbúar eru hvattir til að kynna sér viðbrögð.
- **Eldgos:** Engin eldfjöll eru í umdæminu en áhrif frá eldgosum í nærliggjandi umdæmum gætu helst verið í formi öskufalls. Ekki hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að sporna við skaðvænlegum áhrifum öskufalls og flúormengunar t.d. á neysluvatn.
- **Neysluvatn:** Af neysluvatninu er um 75% yfirborðsvatn úr Berjadalsá en afgangurinn kemur úr Óslæk og lindum við Slögu í norðanverðu Akrafjalli. Berjadalurinn er vinsælt útivistarsvæði, þar er einnig talsvert af fugli og jafnvel skepnur á beit, sem getur leitt til að yfirborðsvatnið mengast

af örverum. Vatnið er hins vegar geislað með útfjólubláu ljósi sem drepur örverur sem kunna að vera í vatninu og hefur neysluvatn á Akranesi verið gæðavatn. Innra eftirlitskerfi er með neysluvatninu og á öryggi þess að vera tryggt svo framarlega sem perur og sandsíur fá reglubundið viðhald. Einnig þarf að girða svæðið vel af svo óviðkomandi skemmdarvargar komist ekki að vatnsmiðluninni.

Í eldgosunum 2010 og 2011 fóru mörg vatnsból illa á Suðurlandi og jafnvel eyðilögðust, þar sem treyst var á yfirborðsvatn.

- **Hópslys:** Þrjú rútuslys hafa orðið á síðustu árum, þar af tvö rétt utan umdæmis. Með aukinni stóriðju á Grundartanga og aukinni umferð langferðabíla hefur hættan aukist. Um Hvalfjarðargöng gildir sérstök viðbragðsáætlun þar sem gerð er grein fyrir hlutverki sérhvers neyðaliðs. Göngin sjálf tilheyra umdæmi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu en svæðið norðan við göng tilheyrir umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi. Engu að síður er ljóst að skapist hættuástand í göngunum mun neyðarlið verða kallað á vettvang frá Akranesi, þar með talin lögregla. Sjóslys á Akranesi hafa aðallega orðið þegar smábátum hefur hlekkst á. Aukin umferð skemmtibáta er um svæðið þar sem allmargir farþegar eru um borð. Björgunarfélag Akraness hefur á að skipa mönnum og búnaði til björgunar á sjó. Tveir lóðsbátar Faxaflóahafna eru einnig tiltækir en ekkert björgunarskip er staðsett á Akranesi.
- **Hættuleg efni:** Geymsla og afgreiðsla á eldfimum efnum eru nálægt íbúðabyggð. Verði óhapp vegna olíumengunar ræður daglega neyðarþjónustan við lítið og meðalstór atvik. Ekki er vitað til að stórir atburðir vegna olíumengunar hafi komið upp hingað til.
- **Brunar:** Með fjölgun stærri bygginga og hærri fjölbýlishúsa aukast líkurnar á að stórbruni geti orðið. Nýlega er farið að reisa fjölbýlishús yfir 4 hæðir og allt upp í 9-10 hæða hús.

Tafla 3

Meðaláhætta Atburður	Lítill áhætta	Möguleg áhætta	Mikil áhætta	Gífurleg áhætta	Athugasemdir
Óveður					Umdæmið almennt í stakk búið til að takast á við slíka atburði, utanaðkomandi aðstoð í mjög stuttan tíma
Jarðskjálftar					
Eldgos					
Jökulhlaup					Ekki áhætta fyrir hendi
Hafnar- eða flóðbylgjur					Við tiltekin skilyrði myndast iðu- og straumkast í höfninni
Snjóflóð					Ekki áhætta fyrir hendi
Skriðuföll					Áhætta ekki fyrir hendi
Flóð í ám og vötnum					Áhætta ekki fyrir hendi
Sjávarflóð					Skoða/Áhætta fyrir hendi
Jarðhiti					Áhætta ekki fyrir hendi
Umferðarslys					Áhætta fyrir hendi, skelfilegar afleiðingar á fólk (20) og eignir (16), skelfilegar afleiðingar á fólk og eignir (20)
Flugslys					Er í fluglínu flugvalla
Sjóslys					Skoða/aukning á skemmtibátum
Slys í ám og vötnum					Áhætta ekki fyrir hendi
Jarðgangaslys					Umdæmið hefur hlutverk í Hvalfjarðargangaáætlun
Mengun á landi Olíumengun					Skoða/Áhætta fyrir hendi
Mengun á sjó					UST/LHG
SEG hætta					Hætta ekki talin fyrir hendi
Mannvirkjahrun					
Brunar					
Eldvarnaöryggi					Brunavarnaáætlun fyrir Akranes er langt komin
Kjarr- og sinueldar					skoða
Heimsfaraldur					Sérstök áætlun í gildi
Fjöldamatareitrun					Áhætta fyrir hendi
Dýrasjúkdómar					Áhætta ekki fyrir hendi
Raforkurof					Áhætta hverfandi
Matvælskortur í umdæmi					Áhætta ekki fyrir hendi

Stíflurof					Áhætta ekki fyrir hendi
Neysluvatnsskortur/gæði					Varaafli komið á geislunarbúnað og dælubúnað, áhætta talin hverfandi. Athuga hættuna frá öskufalli
Hitaveiturof					skoða
Oliu- og bensínskortur					
Fjarskiptarof					
Samgöngurof/Sjór					
Samgöngurof / loft					Áhætta ekki fyrir hendi
Samgöngurof / land					Þrjár leiðir inn í umdæmið
Truflanir vegna fjöldasamkoma					Áhætta ekki fyrir hendi
Hafís					
Hryðju- og skemmdarverk					
Annað					

Tafla 4

Sviðsmynd	Óveður
Atburður	Ofsaveður í umdæminu a) lítil atburður b) meðalstór atburður c) stór atburður
Ábyrgð/Stjórn	Lögreglan
Vöktun	Veðurstofa Íslands
Virkjun aðgerða	Lögreglan
Viðbragðsaðilar	Björgunarsveitir, lögreglan, slökkvilið, Rauði krossinn, aðgerðastjórn, vettvangsstjórn
Fjarskipti	TETRA
Líkur	a)4 b)3 c)1
Afleiðing	Umdæmið er berskjaldað fyrir öllum áttum nema norðaustan átt. Fiskiker, byggingarhlutar og þakplötur fjúka. Helstu áhrif verða vegna skemmda á verðmætum
Fyrri atvik	Krappar lægðir koma reglulega inn yfir Akranes
Ráðstafanir	<input checked="" type="checkbox"/> Almenn áætlun <input type="checkbox"/> Séráætlun <input type="checkbox"/> Hættumat <input type="checkbox"/> Áhættugreining <input type="checkbox"/> Gátlisti <input type="checkbox"/> Engin viðbrögð <input type="checkbox"/> Annað:

Tafla 5

Sviðsmynd	Jarðskjálftar
Atburður	Jarðskjálftar í nágrenni við umdæmið. Áhrifa gætir ekki fyrr en um stóra skjálfta er að ræða.
Ábyrgð/Stjórn	Lögreglan
Vöktun	Veðurstofan, Almannavarnadeild
Virkjun	Lögreglan
Viðbragðsaðilar	Aðgerðastjórn – vettvangsstjórn Lögreglan, björgunarsveitir, heilbrigðisstarfsmenn, sveitarfélagið, Vegagerðin, Rauði krossinn, slökkviliðið,
Fjarskipti	Sími, talstöð TETRA/VHF
Líkur	1
Afleiðing	Einhverjar skemmdir á húsum í bænum. Gæti þurft að aðstoða nærliggjandi umdæmi
Fyrri atvik	1963 varð jarðskjálfti sem mældist 4.6 um 12 km SA af Eiríksjökli. Árið 1974 varð jarðskjálftahrina í maí og júní í nágrenni Húsafells og þann 12. júní 1974 mældist jarðskjálfti af stærðinni 5.5 NV af Húsafelli
Ráðstafanir	<input type="checkbox"/> Almenn áætlun <input type="checkbox"/> Séráætlun <input type="checkbox"/> Hættumat <input type="checkbox"/> Áhættugreining <input type="checkbox"/> Gátlisti <input type="checkbox"/> Engin viðbrögð

	<input type="checkbox"/> Annað:
--	---------------------------------

Tafla 6

Sviðsmynd	Sjóslys
Atburður	Skemmtibátur með fleiri en 10 innanborðs
Ábyrgð/Stjórn	Landhelgisgæslan – lögreglan innan skilgreinds hafnarsvæðis
Vöktun	Landhelgisgæslan – stjórnstöð – vaktstöð siglinga
Virkjun aðgerða	LHG eða lögregla (innan skilgreinds hafnarsvæðis)
Viðbragðsaðilar	Björgunarsveitir, lögregla LHG, slökkvilið, Rauði krossinn, Siglingastofnun, aðgerðastjórn, vettvangsstjórn, heilbrigðisstofnun og heilbrigðisstarfsmenn
Fjarskipti	TETRA, VHF (rás 16)
Líkur	2
Afleiðing	Meðaláhættustig rautt/svart 8 með afleiðingar 10 á fólk og heilsu þeirra
Fyrri atvik	Árið 2005 sigldi skemmtibátur á sker innan hafnarsvæðis Faxaflóahafna og létust 2. Árið 2008 sökk Eggja-Grímur ÍS-702 sem var 6 tonna skemmtibátur. Báturinn var staddur á miðjum Faxaflóa.
Ráðstafanir	<input checked="" type="checkbox"/> Almenn áætlun <input type="checkbox"/> Séráætlun <input type="checkbox"/> Hættumat <input type="checkbox"/> Áhættugreining <input type="checkbox"/> Gátlisti <input type="checkbox"/> Engin viðbrögð <input type="checkbox"/> Annað:

Tafla 7

Sviðsmynd	Hópslys
Atburður	Rútuslys í eða við umdæmið Margir fólksbílar, 5 eða fleiri manneskjur, Árekstur, útafakstur, fok Rútuslys, fleiri en 12 manns. Árekstur útafakstur, fok
Ábyrgð/Stjórn	Lögreglan
Vöktun	Lögreglan, Vegagerðin, Umferðarstofa
Virkjun	Lögreglan, Neyðarlínan
Viðbragðsaðilar	Aðgerðastjórn – vettvangsstjórn Lögreglan, Landsbjörg, Heilbrigðisstofnun, Vegagerðin, Rauði krossinn, Slökkviliðið
Fjarskipti	Sími, talstöð TETRA/VHF
Líkur	4
Afleiðing	Meðaláhættustig 11 – skelfilegar afleiðingar á fólk 20 og eignir (16) Meðaláhættustig 13 Margir slasast og hugsanlegt að nokkrir látist og mikið tjón sem hefur talsverð áhrif á samfélagið sérstaklega ef um er að ræða heimamenn (skólabörn, kvenfélagið eða starfsmannafélög)
Fyrri atvik	Árið 2003 í ágúst lenti rúta í óhappi á Draghálsi með 28 erlenda ferðamenn
Ráðstafanir	<input type="checkbox"/> Almenn áætlun <input checked="" type="checkbox"/> Séráætlun <input type="checkbox"/> Hættumat <input type="checkbox"/> Áhættugreining <input type="checkbox"/> Gátlisti <input type="checkbox"/> Engin viðbrögð

	<input type="checkbox"/> Annað:
--	---------------------------------

Tafla 8

Sviðsmynd	Sjávarflóð
Atburður	Flóð á Breiðinni við Presthúsabraut og Vesturgötu. Við Faxabraut og Leyninn er ágangur af sjó og gengur hann inn á land í verstu veðrum. a) lítill atburður Leynir S átt, Faxabraut S-átt, Breiðin S-átt, áhlaðandi og langvinn S-átt b) meðalstór atburður Ægisbraut, Presthúsabraut NV-átt með áhlaðanda
Ábyrgð/Stjórn	Lögreglan
Vöktun	Hafnarstjóri vaktar höfnina þegar áhlaðandi er mikill og sjávarstaða er há. Siglingastofnun og Veðurstofan vakta veður og vara við þegar hætta er á ferðum í samstarfi við almannavarnir
Virkjun	Lögregla, hafnarstjóri
Viðbragðsaðilar	Aðgerðastjórn – vettvangsstjórn, Lögreglan, Landsbjörg, Heilbrigðisstofnun, sveitarstjórn, Vegagerðin, Siglingastofnun, Rauði krossinn, Slökkviliðið, Umhverfisstofnun, Veðurstofan
Fjarskipti	Sími, talstöð TETRA/VHF
Líkur	a) Lítill atburður 4 b) meðalstór atburður 3
Afleiðing	Í meðalstóru atviki gætu einhverjir slasast grænt/gult – áhættustig 6 og nokkurt tjón orðið á eignum grænt/gult 6 og umhverfi grænt/gult 9 Meðaláhættustig -8
Fyrri atvik	Árið 1993 urðu talsverðar skemmdir á húsum vegna sjávarágangs og sjávarfallabylgju. Árið 1888 skemmdust 6 skip og voru þrjú talin ónýt. Árið 1799, 9.jan., var svokallað Básendaflóðið með ofsaroki af suðvestri og stórstraumsaðfalli og miklu flóði og skemmdum í kaupstaðnum
Ráðstafanir	<input type="checkbox"/> Almenn áætlun <input type="checkbox"/> Séráætlun <input type="checkbox"/> Hættumat <input type="checkbox"/> Áhættugreining <input type="checkbox"/> Gátlisti <input type="checkbox"/> Engin viðbrögð <input type="checkbox"/> Annað:

Tafla 9

Sviðsmynd	Olíumengun
Atburður	40-50 þúsund lítrar af olíu renna úr olíubíl við veltu/bilun í hleðslubúnaði
Ábyrgð/Stjórn	Slökkvilið á landi – LHG á hafi (mengun hafs og stranda)
Vöktun	Umhverfisstofnun, heilbrigðiseftirlit
Virkjun aðgerða	Slökkvilið
Viðbragðsaðilar	Slökkvilið, lögregla á landi, LHG, Siglingastofnun á sjó
Fjarskipti	TETRA, VHF
Líkur	3
Afleiðing	Meðal áhættustig er 9 gult –mesta tjón er á umhverfi með áhættustigi 12 og verðmæti – með áhættustigi 9
Fyrri atvik	

Ráðstafanir	<input type="checkbox"/> Almenn áætlun	<input type="checkbox"/> Séráætlun
	<input type="checkbox"/> Hættumat	<input type="checkbox"/> Áhættugreining
	<input type="checkbox"/> Gátlisti	<input type="checkbox"/> Engin viðbrögð
	<input type="checkbox"/> Annað:	

Tafla 10

Sviðsmynd	Flugslys
Atburður	Flugvél í aðflugi til Reykjavíkur hlekkist á í umdæminu
Ábyrgð/Stjórn	Lögreglan Landhelgisgæslan yfir hafinu
Vöktun	Flugstjórnarmiðstöð/flugturn, ISAVIA
Virkjun aðgerða	Flugturn/flugstjórnarmiðstöð
Viðbragðsaðilar	Björgunarsveitir, slökkvilið, lögregla, heilbrigðisstarfsmenn, Rauði krossinn, Vettvangsstjórn/Aðgerðastjórn
Fjarskipti	TETRA
Líkur	2
Afleiðing	Áhættustig gult 6
Fyrri atvik	
Ráðstafanir	<input type="checkbox"/> Almenn áætlun <input type="checkbox"/> Séráætlun <input type="checkbox"/> Hættumat <input type="checkbox"/> Áhættugreining <input type="checkbox"/> Gátlisti <input type="checkbox"/> Engin viðbrögð <input type="checkbox"/> Annað: